



Fundargerð

**185. fundur Skipulagsnefndar haldinn í fjarfundi,
miðvikudaginn 31. maí 2023, kl. 11:30.**

Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Rúnar Þorri Guðnason, Jóhannes Gissurarson, Elín Heiða Valsdóttir, Óskar Örn Gunnarsson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, .

Almenn mál

1. 2211020 - Tunga - Umsókn um skipulagsmál - breyting á deiliskipulagi

Fram er lagt uppfærð breyting á deiliskipulagi fyrir Tungu með nýrri vegtengingu í samræmi við umsögn Vegagerðarinnar. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 16. febrúar 2023. Fyrir liggja umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun og Vegagerðinni. Málið var tekið fyrir á 184. fundi skipulagsnefndar 12. maí sl. og er um að ræða leiðréttingu á bókun.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Tungu fái málsmeðferð skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 11:45.

Jón Hrafn Karlsson

Rúnar Þorri Guðnason

Jóhannes Gissurarson

Elín Heiða Valsdóttir